

Nd.

642. Framhaldsnefndarálit

um frumvarp til girðingalaga. (Þingskj. 588).

Frá landbúnaðarnefndinni.

Efri deild hefir gert nokkrar breytingar við frumvarpið, og sumar þeirra ekki til bóta. — Helstu breytingarnar eru þessar:

1. Við 3. gr.

Þar hefir verið gerð sú breyting, að í stað þess sem áður var sagt, að ef nægilegt fje væri ekki áætlað á fjárlögunum öllum umsækjendum til kaupa

á girðingarefni, þá er nú svo að orði komist, að *»ef ekki er fje fyrir hendi til að fullnægja öllum þeim, er um lán hafa beðið, skulu þeir, er ekki komast að í það sinn, hafa forgangsrjett næsta ár að öðru jöfnu«*.

Með þessu er það sagt, að þeir er um lán biðja, til girðinga eða girðingarefniskaupa, og eigi komast að í það sinn, skuli ganga fyrir öðrum næsta ár að öðru jöfnu, hvort heldur ræða er um girðingarlán úr Ræktunarsjóði eða girðingarefnislán úr Viðlagasjóði samkvæmt fjárlögum, og má telja þessa breytingu meinlausa og eigi til hins lakara.

Að öðru leyti er breyting sú, er gerð hefir verið við þessa grein, að eins orðabreyting.

2. Við 4. gr.

Í frumvarpinu var ákveðið, að ef girðingunni eigi væri lokið innan þriggja ára, þá væri lánið alt afturkræft, og ætti þá að greiða 6% í vexti af því. Þessu ákvæði um vextina hefir efri deild breytt á þá lund, að það skuli greiða *þriðjngi hærri vexti af láninu en upphaflega var ákveðið, og að þessir vextir eigi að reiknast frá útborgunardegi lánsins.*

3. Við 7. gr.

Þar hefir verið gerð sú breyting, að jarðeigandi losni því að eins við skyldu til að halda við girðingunni, ef jörð hans fer í eyði, og *ekki er til ætlast, að hún byggist aftur.*

Þessa breytingu telur nefndin ekki til bóta.

4. Við 8. gr.

Í frumvarpinu, eins og það fór frá neðri deild, var ákveðið, að skyldan til að girða á móti á landamerkjum, kæmi að eins þá til greina, er tún og engjar tveggja eða fleiri jarða lægju saman.

Efri deild hefir nú bætt við ákvæði um það, að ábúandi í samráði við jarðeiganda, geti krafist girðingar, ef *tún eða engjar jarðar hans liggja að beitilandi annara jarða.* Miðar þetta að því, að færa út girðingarskylduna, og er að því leyti nær því, er frumvarpsgreinin var upphaflega.

5. Við 9. gr.

Síðara málslið greinarinnar hefir verið breytt. Veruleg efnisbreyting er það ekki, en ákvæðin fyllri og tekið skýrt fram, að svo sje til ætlast, er girt er beint, en landamerki í krókum, að þá sje það gert þannig, *að sem jafnast sneiðist bæði löndin.*

6. Við 11. gr. og 12. gr.

Báðar þessar greinir hafa verið settar saman í eina grein, sem er 11. gr. frumvarpsins nú.

Eins og frumvarpið var úr garði gert, er það fór frá neðri deild, þá var svo ákveðið, að til að mega girða yfir veg og setja hlið á fyrir veginum, þyrfti að leita leyfis sýslunefnda, ef um sýsluveg eða hreppsveg var að ræða, en leyfis stjórnarráðsins, ef um flutningabraut, þjóðveg, eða fjallveg var að ræða. Þessu hefir efri deild breytt á þann veg, að nú á eftir frumvarpinu *áð*

fá samþykki hreppsnefndar, til þess að mega girða yfir veg með hliði á fyrir veginum, ef um akfæran hreppsveg er að ræða, en samþykki sýslunefndar um aðra vegi. — Með þessum ákvæðum, er 44. og 45. gr. vegalaganna breytt, eins og líka til er tekið í 20. gr. frumvarpsins.

Að öðru leyti getur ekki talist, að gerðar hafi verið verulegar efnisbreytingar við þessar greinir. Hins vegar hefir verið bætt inn í greinina, eins og hún er nú í frumvarpinu, ákvæðum um, *að landeigandi megi kjósa um, þegar girðing liggur yfir sledabrautir og aðrar vetrarleiðir, að taka girðinguna upp að vetrinum, eða búa svo um hlið, að auðvelt sje að opna, þó að snjór leggist að.* Ennfremur er og því viðbætt, að við slík hlið eigi að hlaða kampa, vörðu, eða háan stólpa með ánegldu spjalði, svo glöggar sjáist hliðið.

7.

Breytingin er sú, að bætt hefir verið inn í frumvarpið nýrri grein, sem er 12. gr. þess. Er grein þessi um stórgripagirðingar, hvernig þær skuli vera o. s. frv. Það nýmæli er og í greininni, að eigandi girðingar skuli sæta sektum og greiða auk þess skaðabætur, ef fjenaður meiðist fyrir það, að girðingin er í ólagi eða vanhirðu.

Eru þá taldar allar helstu breytingarnar, sem efri deild hefir gert á frumvarpinu. — Þær breytingar, sem hjer er ekki getið að neinu, eru örfáar og aðeins orðabreytingar.

Jafnvel þó að breytingarnar sjeu eigi að áliti nefndarinnar allar til bóta, þá eru þær þó hins vegar eigi svo verulegar, að ástæða þyki til að fara að breyta frumvarpinu. Leggur nefndin því til, að það sje samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. ágúst 1913.

Eggert Pálsson,
formaður.

Sigurður Sigurðsson,
skrifari og framsögum.

Bjarni Jónsson frá Voggi
(af öðrum ástæðum).

H. Steinsson.

Kristján Jónssen.